

Leiðbeiningar um notkun snjallforrita í síma til skráningar landfræðilegra gagna



Land og skógur

Snjallforrit til að safna GPS-ferlum: Geo Tracker—GPS Tracker


Til eru mörg snjallforrit í farsíma sem hægt er að nýta til að safna GPS-punktum og -ferlum. Þessar leiðbeiningar fjalla um notkun á snjallforritinu Geo Tracker—GPS tracker, sem er Android- forrit, hvernig skal safna GPS-ferlum, vista og senda GPS-skrár.

1. Sækja snjallforritið fyrir Android

- Hlaða niður **Geo Tracker—GPS tracker** frá **Google Play**. Þetta er ókeypis snjallforrit.


2. Byrja að ferla

- Mikilvægt að muna að hafa kveikt á staðsetningu (location) í símanum
- Opna Geo Tracker forritið í snjallsímanum. Ef óskað er eftir leyfi til að fá aðgang að GPS í símanum þarf að samþykkja það.
- Takkarnir til hægri í forritinu eru til að þysja inn og út, ásamt því að fara á þína staðsetningu (**Rauður kassi á Mynd 1**).
- Til að byrja að ferla er ýtt á rauða upptökutakkann (**Blár kassi á Mynd 1**).
- Þegar búið er að ferla leiðina þá er ýtt á gráa stopptakkann til að hætta að ferla eða rauða pásutakkann til að halda ferlum áfram síðar (**Rauður kassi á Mynd 2**).
- Hægt er að skoða allar leiðir sem hafa verið ferlaðar með því að ýta á takkann efst til vinstri í forritinu (**Blár kassi á Mynd 2**).
- Þegar leið er valin birtist valgluggi þar sem hægt er að:
 - A) Þysja inn á svæðið sem var ferlað, B) vista ferilinn á símanum, C) deila ferlinum t.d. með tölvupósti, D) breyta upplýsingum um ferilinn, nafn og gefa lýsingu, E) eyða ferlinum





3. Deila ferlum

- Gott er að byrja á því að velja **blýantinn** og gefa ferlinum nafn og lýsingu.
- Til að deila ferlinum er ýtt á **deilatakkann** (takki í miðjunni með 3 punktum og línu á milli).
- Þegar verið er að deila þarf að velja tegundina af skrá sem á að senda og er það **GPX** (staðfest með því að ýta á GPX).
- Valið er hvernig á að deila skránni, oftast með **Gmail** eða öðrum **tölvupósti**, opnast þá pósthöfundur og skrifadur er tölvupóstur.



4. Stillingar

- Upp í hægra horni eru 3 punktar, þar undir eru stillingar (**Settings**) inn í þeim er hægt að stilla ýmislegt.
- Record settings:** Þar er hægt að stilla nákvæmni ferilsins, þ.e. hversu oft punktar eru teknir í ferlinum. Einnig er hægt að stilla hvert grunnnafn ferlanna er.
- Display settings:** Þar er hægt að stilla hvaða mælieining er notuð á kortinu (km eða mílur). Einnig er undir **map type** hægt að velja hvaða grunnkort er verið að vinna með, t.d. gervitunglamynd (**Satellite**).
- Storage settings:** Þar er hægt að stilla hvar maður vill geyma ferlana inn á símanum þegar búíð er að safna þeim.



Frekari upplýsingar:

Magnús Þór Einarsson, magnus.thor@land.is, 4883035/8475464

Sigurjón Einarsson, sigurjone@land.is, 4883011/8560432

Ef upp koma spurningar varðandi notkun á Geo Tracker—GPS tracker þá endilega að hafa samband við ofangreinda einstaklinga eða héraðsfulltrúa á verksvæði þínu (apríl 2017).